



Mynd 1.

Tilfelli mánaðarins

17 ára gamall karlmaður er lagður inn til hálskirtlatöku vegna krónískrar hálsbólgu. Við skoðun mælist hækkaður blóðþrýstingur (170/97 mmHg). Aðspurður segist hann um tveggja ára skeið hafa fundið fyrir vaxandi þreytu í fótum og fót kulda og hafi hætt í íþróttum þess vegna. Fyrir aðgerð var tekin lungna-mynd, mynd 1. Þar sjást merki um beinúrátu á neðanverðum rifjum (sjá örvar).

Hver er greiningin? Hvernig er best að staðfesta greininguna? Hver er algengasta meðferðin?

Svar á bls. 369.